

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. maí 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-98/2015:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 21. desember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna þess sem hann telur vera gallaða viðgerðarþjónustu á farsíma, en þjónustuna keypti hann af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi verði gerður ábyrgur fyrir því að umræddur farsími sé nú ónýtur.

#### II

##### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 8. janúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 21. janúar. Með bréfi, dags. 3. febrúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 17. febrúar. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 17. maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### III

##### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að álitsbeiðandi keypti farsíma af gerðinni iPhone 5 í verslun þriðja aðila hérlandis, en sá aðili er ekki aðili þessa máls. Í mars 2015 fór álitsbeiðandi með símann í viðgerð til nefnds seljanda í málinu sem einnig er umboðsaðili framleiðanda hér á landi, þar sem takki á símanum, sem notaður er til að kveikja og slökkva á tækinu, virkaði ekki. Seljandi ákvað að gera ekki við símann heldur að skipta honum út fyrir nýjan síma. Segir álitsbeiðandi að það hafi ekki verið gert að sinni kröfu eða ósk og hafi það alfarið verið að frumkvæði seljanda. Um 8 mánuðum eftir útskipin, þ.e. í desember 2015 bilaði síminn aftur. Fór álitsbeiðandi með símann á nýjan leik til nefnds seljanda og var síminn þá metin ónýtur og álitsbeiðanda tilkynnt það með tölvupósti, dags. 17. desember 2015. Í sama tölvupósti var álitsbeiðanda boðin útskipti á tækinu, án ábyrgðar, fyrir kr. 53.990. Telur álitsbeiðandi að viðgerð seljanda frá því í mars 2015 hafi verið ófullnægjandi og að viðskipti hans við seljanda falli undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup og viðgerðin því haldin galla skv. 9. gr. þeirra laga.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af tölvupóstsamskiptum álitsbeiðanda við seljanda og afrit af þjónustupöntun í tengslum við farsíma álitsbeiðanda, dags. 17. desember 2015.

#### IV

##### Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að símtæki álitsbeiðanda hafi fallið undir framlengda ábyrgð framleiðanda hvað varðaði bilun í umræddum takka. Tekur seljandi fram að skv. sínum upplýsingum hafi umræddur sími verið keyptur í Z í janúar 2013 og hafi kaupandi verið A. Segist seljandi ekki vita hvaðan Z kaupir sín tæki, en upprunaland símans sé skráð Bretland. Þegar álitsbeiðandi hafi komið með símann til seljanda hinn 9. mars 2015 hafi því öll eðlileg ábyrgð á tækinu verið runnin út og undir venjulegum kringumstæðum hefði viðskiptavinum verið boðið að kaupa útskipti á tækinu þar sem bilun í umræddum takka símans

falli almennt ekki undir viðgerðarferli sem framleiðandi viðurkenni og því hafi seljandi enga heimild til að gera við takkann. Í þessu tilviki hafi þó verið um framlengda ábyrgð framleiðanda að ræða og því hafi verið komið til móts við álitsbeiðanda með því að skipta út tækinu í heild og framlengja ábyrgð á tækinu í 90 daga. Segir seljandi og að sími álitsbeiðanda sé ekki viðgerðarhæfur í núverandi ástandi og standi álitsbeiðanda til boða að kaupa útskipti á símanum. Slík útskipti falli undir neytendalög og beri seljandi ábyrgð á slíkum útskiptum, enda sé greitt fyrir þau. Í því tilviki sem hér um ræði hafi seljandi ekki flutt inn símann og ekki selt álitsbeiðanda hann. Þá hafi fyrirtæki ekki þegið krónu fyrir þjónustu í tengslum við símann, heldur þjónustað söluaðila og framleiðanda símans innan ábyrgðar í tengslum við framlengda ábyrgð framleiðanda í vissum galla í símanum.

## V

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Álitsbeiðandi setur fram kröfur sínar á grundvelli þjónustukaupalaga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Um gildissvið laganna er fjallað í I. kafla þeirra. Þar segir m.a. í 1. mgr. 1. gr: „Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér: [...]“. Í 3. mgr. sömu greinar segir síðan: „Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.“

Í andsvörum seljanda, sem álitsbeiðandi hefur ekki mótmælt, kemur fram að sími sá er deilt er um var keyptur í janúar 2013 í íslensku versluninni Z. Kaupandi er skráður einkahlutafélagið A. Verður því að gera ráð fyrir að eigandi símans sé nú það sama félag. Einkahlutafélög geta eðli máls samkvæmt ekki talist neytendur í skilningi 3. mgr. 1. gr. laga nr. 42/2003 um þjónustukaup. Fær því kröfugerð álitsbeiðanda ekki fram að ganga á grundvelli þeirra laga. Viðskiptin falla heldur ekki undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup hvað varðar nefndan seljanda í málinu, líkt og andsvör hans gefa til kynna sem og sú staðreynd að nefndur seljandi seldi ekki álitsbeiðanda eða einkahlutafélaginu A umrætt símtæki. Þá eiga lög nr. 48/2003 um neytendakaup ekki við í málinu. Af þessum ástæðum verður ágreiningi aðila þessa máls ekki skotið til kærunefndar lausafjár og þjónustukaup með ósk um að hún gefi álitsgerð um ágreininginn þar sem hann fellur utan valdsviðs nefndarinnar. Verður kærunefndin því að vísa álitsbeiðninni frá sér, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

**VI**

**Álitsorð**

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir